

AFLIÐ

ÁRSSKÝRSLA

2 0 2 2



Um ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu segir frá tuttugasta starfsári Aflsins, samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi. Í þessari skýrslu er farið yfir starfsemi Aflsins og teknar eru saman tölulegar upplýsingar um starfsemina. Þessar upplýsingar eru teknar saman einu sinni á ári til þess að greina þörfina fyrir þjónustu samtakanna, þær breytingar sem kunnu hafa orðið á milli ára og til þess að upplýsa samfélagið um það ofbeldi sem er til staðar.

Aflið

Aðalstræti 14, 600 Akureyri

Sími: 461-5959

Netfang: aflid@aflidak.is

Vefsíða: www.aflidak.is

Ritstjóri: Erla Hrönn Hörpu Unnsteinsdóttir

Aðstoð við textasmíð: Karen Bjarna Elsudóttir

Ársreikningur: ENOR

Efnisyfirlit

Stjórnarpistill	5
Hugmyndafræði	7
Skipulag og hlutverk	8
Stjórn	8
Verkefnastýra	8
Ráðgjafar	9
Fagleg ábyrgðarkona	9
Þjónusta Aflsins	10
Einstaklingsviðtöl	10
Sjálfs hjálparhópar	10
Fræðsla og forvarnir	11
Tölulegar upplýsingar	12
Einstaklingsviðtöl og fjöldi skjólstaðinga (2017-2022)	13
Fjöldi nýrra skjólstaðinga (2017-2022)	14
Hópastarf (2017-2022)	14
Lýðupplýsingar um skjólstaðinga	15
Kyn	15
Aldur	15
Menntun	15
Skerðing	15
Staða á vinnumarkaði	16
Tekjur	16
Staðsetning	17

Ofbeldið	18
Ástæður fyrir komu	18
Samanburður á ástæðum fyrir komu	19
Afleiðingar	20
Samanburður á afleiðingum	21
Áhrif afleiðinga á lífsgæði	22
Samanburður á áhrifum afleiðinga á lífsgæði	22
Fjármögnun	23
Styrkir	23
Útgjöld	24
Ársreikningur	25

Myndayfirlit

Mynd 1. Fjöldi einstaklingsviðtala á árunum 2017-2022	13
Mynd 2. Fjöldi skjólstæðinga á árunum 2017-2022	13
Mynd 3. Fjöldi nýrra skjólstæðinga á árunum 2017-2022	14
Mynd 4. Fjöldi skjólstæðinga sem sótti hópastarf á árunum 2017-2022	14
Mynd 5. Staða nýrra skjólstæðinga á vinnumarkaði	16
Mynd 6. Staðsetning nýrra skjólstæðinga eftir sveitarfélögum	17
Mynd 7. Ástæður fyrir komu nýrra skjólstæðinga	18
Mynd 8. Afleiðingar ofbeldis sem nýir skjólstæðingar tilgreindu	20
Mynd 9. Heildar samantekt á þeim áhrifum sem ofbeldið hefur haft á ákveðin lífsgæði	22

Töfluyfirlit

Tafla 1. Kyn nýrra skjólstæðinga	15
Tafla 2. Aldursdreifing nýrra skjólstæðinga	15
Tafla 3. Menntun nýrra skjólstæðinga	15
Tafla 4. Tekjudreifing nýrra skjólstæðinga	16
Tafla 5. Samanburður á ástæðum kvenna og karla fyrir komu	19
Tafla 6. Samanburður á afleiðingum sem konur og karlar tilgreindu	21
Tafla 7. Samanburður á áhrifum á lífsgæði sem konur og karlar tilgreindu	22

Stjórnarpistill

Ýmis starfsemi fór fram í Aðalstrætinu á árinu en Aflið deilir nú húsnaðinu með Bjarmahlíð og Pieta samtökunum sem hleypir auknu lífi í starfsemina og starfsandann í húsinu. Að auki átti Aflið í góðu samstarfi við Kvennaathvarfið og fleiri á árinu.

Starfsemi Aflsins árið 2022 einkenndist af uppbyggingu eftir Covid ár og auknum krafti í starfseminni og má segja að árið hafi verið það fyrsta frá 2019 þar sem starfsemin hafi verið í eðlilegu horfi. Í lok árs þjónustaði Aflið þolendur með samtölum á Akureyri, Egilsstöðum og Reyðarfirði líkt og 2021 en á árinu bættist Húsavík við og undirbúningur hafinn við að veita viðtöl vestan við Akureyri t.d. á Blönduósi eða Sauðárkróki á árinu 2023.

Árið var fyrsta árið af þremur af nágildandi fjármögnunarsamningi sem gerður var við félags- og barnamálaráðuneytið í lok árs 2021. Fjárhagur Aflsins er nú stöðugri og tryggari en hann hefur verið lengi og í árslok var til sjóður sem nemur um hálfis árs útgjöldum. Bætt staða gaf því loks stjórn og starfsfólki svigrúm til að stefna að frekari útvíkkun starfseminnar og horfa til lengri tíma í stað þess að beina allri orkunni í að tryggja rekstrarfé til skamms tíma. Einnig gefur bætt afkoma tækifæri til að styðja betur við ráðgjafa og þolendur, auka við hópastarf, endurmenntun og aðra þætti sem erfitt hefur verið að sinna í heimsfaraldri.

Fjárhagsstuðningur frjálsra félagasamtaka, einstaklinga, fyrirtækja og sveitafélaga er þó eftir sem áður mjög mikilvægur þar sem framlög ríkisins ein og sér duga ekki fyrir daglegum rekstri Aflsins. Því hefur Aflið t.d. sótt eftir samfélagsstyrkjum til að koma á fót einstökum verkefnum. Einnig var Aflið skráð sem almannaheillafélag sem hefur það í för með sér að þeir sem styrkja Aflið með fjárframlögum geta fengið skattaafslátt í hlutfalli við framlög sín. Vill stjórn Aflsins þakka öllum þeim sem stutt hafa við starfsemina með einum eða öðrum hætti á árinu. Framlög ykkar voru virkilega dýrmæt og þið hafið lagt mikilvægan grunn að því góða starfi sem fram fer.

Breyting varð einnig á starfsmannahaldi á árinu, en Sigurbjörg Harðardóttir sem verið hefur fastur starfsmaður í 50% starfi verkefnastjóra og 40% starfi ráðgjafa lét af störfum á haustmánuðum. Þakkar stjórn Aflsins Sigurbjörgu innilega fyrir öflugt og einlægt starf fyrir samtökin og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi sunnan heiða. Í nóvember var Erla Hrönn Hörpu Unnsteinsdóttir ráðin í hennar stað í 70% starf verkefnastjóra og bjóðum við hana velkomna til Aflsins. Tímabilið milli starfsmanna brúaði Jóhanna Margrét Ásgeirsdóttir og færir stjórn henni bestu þakkir fyrir að stökkva til með stuttum fyrirvara og leysa hin ýmsu verkefni vel af hendi. Einnig þakkar stjórn Geirlaugu Björnsdóttur, faglegri ábyrgðarkonu, svo og öllum ráðgjöfum fyrir ómetanlegt starf. Faglegt starf Aflsins hefur orðið enn faglegra með hverju árinu. Ráðgjafar Aflsins hafa nú allir lokið menntun sem nýtist vel í starfseminni, s.s. hjúkrunarfræði, sálfræði, markþjálfun og iðjuþjálfun svo fátt eitt sé nefnt sem er mikilvæg viðbót við jafningjanálgunina.

Verkefnin framundan eru mörg og krefjandi og mikilvægt fyrir Aflið að halda áfram að þróast og vaxa. Ofbeldi virðist síður en svo vera á undanhaldi og margir sem ekki geta leitað sér hjálpar t.d. vegna þess kostnaðar sem oft fylgir eða það henti ekki öllum að leita úrræða innan sérfræðingakerfisins. Því eru samtök sem Aflið, sem veita jafningjastuðning, mikilvægur valkostur fyrir ýmsa hópa. Höldum því bjartsýn og kraftmikil áfram veginn og stuðlum að enn frekari uppbyggingu og fagmennsku.

Elín Björg Ragnarsdóttir, formaður stjórnar

Helga Margrét Ingvarsdóttir, varaformaður.

Embla Eir Oddsdóttir, gjaldkeri.

Hjalti Ómar Ágústsson.

Rannveig Gústafsdóttir.

Jóhann Ásmundsson.

Aðalbjörg G. Árnadóttir.

Hugmyndafræði

Vinnan hjá Aflinu felst í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota þann styrk til að breyta eigin lífi. Áhersla er lögð á það að ofbeldi sé ekki sök þeirra sem fyrir því verður heldur er litið á ofbeldi sem hluta af samfélagsgerðinni. Við lítum svo á að þau sem hingað leita séu „sérfræðingarnir“ í eigin lífi, það er að segja: enginn þekkir betur afleiðingar ofbeldis en sá sem hefur verið beittur því. Þar sem um sjálfshjálparstarf er að ræða ber hver einstaklingur ábyrgð á sinni vinnu en fær stuðning og samkennd frá öðrum einstakling sem hefur þekkingu á ofbeldi og afleiðingum þess, eða hjálp til sjálfshjálpar. Þó það sé ákveðin rammi utan um starfið þá stýra þeir einstaklingar sem leita til Aflsins ferðinni, þ.e. hversu mörg viðtöl þau þurfa, yfir hve langan tíma og hvernig stuðning þau vilja fá eða þurfa.

Mikilvægur þáttur í starfsemi Aflsins er áfalla- og þolendamiðuð nálgun sem snýr að því að taka mark á reynslu þeirra sem hafa verið beitt ofbeldi auk gagnkvæmri virðingu og að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni. Einstaklingar sem sækja þjónustu Aflsins eru ekki varnarlaus fórnarlömb ofbeldis heldur einstaklingar sem hafa lifað af ofbeldi.

Hjá Aflinu er lögð áhersla á að allir geti sótt þjónustuna. Húsnæði Aflsins er því miður af þeim toga að ekki er auðvelt fyrir alla þá sem leita þjónustunnar að nýta sér það. Húsið er gamalt, friðað, með bröttum tröppum og aðgengi fyrir hljólastóla og annan hjálparbúnað er takmarkað. Akureyrarbær hefur þess vegna veitt Aflinu aðgengi að viðtalsherbergi þegar að einstaklingar geta ekki nýtt sér húsnæði Aflsins. Þjónusta Aflsins er einnig og mun alltaf vera skjólstæðingum að kostnaðarlausu og það er gert svo sem flestir geti nýtt sér þjónustuna, óháð efnahag.

Skipulag og hlutverk

Stjórn

Á aðalfundi samtakanna 2022 var Elín Björg Ragnarsdóttir endurkjörin formaður, Helga Margrét Ingvarsdóttir varaformaður, Embla Eir Oddsdóttir gjaldkeri og Hjalti Ómar Ágústsson. Rannveig Gústafsdóttir var þá kjörin í stjórn eftir að hafa verið varamaður á síðasta ári. Varamenn voru kjörnir Aðalbjörg Árnadóttir, fyrrum ráðgjafi Afslins og Jóhann Ásmundsson.

Stjórn sér um rekstur samtakanna, umsýslu og skipulagningu. Stjórn fundaði að jafnaði á tveggja vikna fresti á á síðasta starfsári og á fundum er farið yfir daglegan rekstur en verkefnastýra ber ábyrgð á því að leggja fyrir stjórn hvernig rekstur gengur. Stjórn kys í þeim málefnum sem krefst kosninga. Stjórn miðlar einnig upplýsingum og verkefnum til verkefnastýru.

Verkefnastýra

Verkefnastýra sér um daglegan rekstur samtakanna og sér til þess að reksturinn sé eftir höfði stjórnarinnar og stefnu samtakanna. Verkefnastýra starfar þannig náið með stjórn og einnig ráðgjöfum og faglegri ábyrgðarkonu. Verkefnastýra situr bæði ráðgjafafundi og stjórnarfundi að hluta til og miðlar þar upplýsingum frá stjórnar til ráðgjafa og frá ráðgjöfum til stjórnar.

Verkefnastýra skipuleggur starfsdaga, mikið af starfsemi samtakanna í samráði við stjórn og hvernig starfinu er sinnt í samráði við faglega ábyrgðarkonu. Verkefnastýra er þannig við miðju samtakanna.

Ráðgjafar

Nokkrar breytingar urðu á ráðgjafahóp Aflsins á síðasta ári, Sigurbjörg fyrrum verkefnastýra var einnig ráðgjafi og lauk störfum sem ráðgjafi á sama tíma og hún hætti sem verkefnastjóri. Bjarney Rún Haraldsdóttir hætti einnig sem ráðgjafi Aflsins og viljum við þakka þeim kærlega fyrir samstarfið.

Til Aflsins komu í stað tveir nýir ráðgjafar sem hafa starfað sem ráðgjafar Aflsins áður. Þær eru Karen Elsu Bjarnadóttir, sálfræðingur og Sólveig Erla Valgeirsdóttir, sjúkraliði. Ásamt þeim voru ráðgjafar Aflsins árið 2022 Aníta Stefánsdóttir, iðjuþjálfari, Erla Lind Friðriksdóttir, B.A. í sálfræði og Jóhanna Margrét Ásgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Ráðgjafar Aflsins hittast vikulega og þar sem þær veita hvor annarri stuðning og ráð. Ráðgjafar sækja einnig reglulega endurmenntun. Til dæmis námskeið um sálræn áföll, meðvirkni og markþjálfun. Þá hefur einn ráðgjafi innan Aflsins setið stutta fræðslu hjá Kvennaathvarfinu í Reykjavík svo hún geti tekið við stöðu sem ráðgjafi Aflsins hjá Kvennaathvarfinu á Akureyri.

Fagleg ábyrgðarkona

Fagleg ábyrgðarkona situr fundi með ráðgjöfum í annarri hverri viku og sinnir einnig einstaklings handleiðslu ráðgjafa. Geirlaug Björnsdóttir fjölskyldufræðingur, þroskaþjálfari og markþjálfari hefur verið fagleg ábyrgðarkona samtakanna frá árinu 2018 og sinnir hún bæði handleiðslu ráðgjafa, stjórnar og verkefnastýru. Þá eru einnig reglulegir starfsdagar haldnir innan Aflsins þar sem ráðgjafar og fagleg ábyrgðarkona fjalla um málefni sem snúa að ráðgjöf. Fagleg ábyrgðarkona er þannig til staðar fyrir alla starfsemi samtakanna.

Þjónusta Aflsins

Einstaklingsviðtöl

Aflið býður upp á einstaklingsviðtöl. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í úrvinnslunni með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi. Um er að ræða ráðgjöf en ekki meðferð og því beina ráðgjafar okkar í sumum tilfellum einstaklingum í önnur úrræði, svo sem til sálfræðinga, geðlækna, félagsráðgjafa eða þjónustu Bjarmahlíðar.

Í einstaklingsviðtölum fær einstaklingurinn stuðning við að koma ofbeldisreynslu sinni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur haft. Ráðgjafar Aflsins leggja mikla áherslu á að byggja upp traust milli skjólstæðings og ráðgjafa, til dæmis með virkri hlustun og samkennd í samræmi við það sem best nýtist þeim sem þjónustuna sækir.

Sjálfs hjálparhópar

Þegar talið er að hægt sé að ljúka einstaklingsviðtölum er boðið upp á sjálfs hjálparhópa fyrir þá sem það kjósa. Frá upphafi hafa sjálfs hjálparhópar verið einn grunnþátturinn í þjónustu Aflsins, þar koma brotáðilar saman og takast á við afleiðingar ofbeldis. Í hópastarfi er einangrun brotáðila rofin og einstaklingar geta sótt styrk frá öðrum en einstaklingar sem hafa reynslu af ofbeldi upplifa oft svipaðar afleiðingar þrátt fyrir ólíka reynslu.

Því miður hafði Aflið ekki tök á því að halda nema einn sjálfs hjálparhópur árið 2022 vegna skorts á fjármagni. Aflið fór þannig inn í árið 2023 með það markmið að sækja um styrki sem miða sérstaklega að hópastarfi og með nýjar hugmyndir um hvernig hópastarf getur farið fram á skilvirkari og öruggari vegu. Hópastarf er einnig mikilvægt þegar kemur að útskrift einstaklinga frá Aflinu þar sem þeir hafa verið góður endapunktur fyrir einstaklinga í þjónustu hjá Aflinu og þegar að hópastarf féll niður þá fjölgaði einstaklingsviðtölum.

Fræðsla og forvarnir

Auk einstaklingsviðtala og hópstarfs er mikilvægur hluti af starfsemi Aflsins að halda úti fræðslu og forvörnum. Það er gert til að efla vitund almennings um hvert þolendur ofbeldis og aðstandendur geta leitað og hvernig hægt er að fá aðstoð. Aflið hefur undanfarin ár verið með kynningar og fræðslu í framhaldsskólum, háskólum, í símenntunarstöðvum og hjá ýmsum félagasamtökum og stofnunum sem óska eftir að fá kynningar og fræðslu.

Tölulegar upplýsingar

Í fyrstu viðtölum eru einstaklingar beðnir um að fylla út viðtalsblöð þar sem koma fram upplýsingar um til dæmis kyn, aldur, tekjur, ástæður komu ásamt fleiru. Allir skjólstæðingar hafa val um að fylla út slíkt blað en 98 af þeim 112 nýju skjólstæðingum sem komu í Aflið árið 2022 fylltu út slík blöð. Ástæður fyrir því að einstaklingar fylli ekki út þessi blöð geta verið ólíkar, stundum gefst ekki tími í fyrsta viðtali og einstaklingur kemur svo ekki aftur. Þá er einstaklingum einnig alltaf frjálst að fylla út blöðin eins og þeim hentar og einstaklingar geta þannig sleppt ákveðnum spurningum á viðtalsblaðinu, sleppt öllu blaðinu eða svarað með einum eða fleiri lið í hverri spurningu. Á blaðinu er til dæmis alltaf spurt um aldur og voru sex einstaklingar sem kusu að svara ekki þeirri spurningu. Hlutföllin og tölfræðin á bakvið hvern lið hér að neðan er þess vegna alltaf gagnvart þeim hluta einstaklinga sem kjósa að svara hverri spurningu.


Þá urðu einnig breytingar á spurningalistanum á starfsárinu þar sem nokkrum spurningum var breytt og öðrum spurningum var bætt við. Svarhlutfall þeirra spurninga er þess vegna lægra en til dæmis við þær spurningar sem voru í báðum spurningarlistum líkt og aldur og kyn.

Hér á eftir er farið í samanburð á konum og körlum og er mikilvægt að taka fram að greiningin er takmörkuð. Aðeins einn einstaklingur skilgreindi kyn sitt sem kynsegin og vegna smæðar hópsins er ekki hægt að hafa hópinn með í samanburði út frá persónuverndar sjónarmiðum. Þá eru einnig mun færri karlar en konur sem sóttu þjónustuna svo gögn karla eru byggð á mun minna úrtaki. En það er á sama tíma niðurstaða út af fyrir sig.


Einstaklingsviðtöl og fjöldi skjólstæðinga (2017-2022)

Árið 2022 voru tekin 663 einstaklingsviðtöl, sem er aukning frá 2021 en enn 100 viðtölum færra frá því árið 2020. Fjöldi viðtala lækkar mest á árunum 2019 - 2020. Geirlaug breytti á þessum tíma áherslum í ráðgjöfinni mikið og eru viðtöl nú almennt færri á hvern einstakling og er ráðgjöfin skilvirkari. Þá er einnig hægt að sjá á mynd 2 að skjólstæðingar hafa ekki verið fleiri síðan 2019.

Mynd 1. Fjöldi einstaklingsviðtala á árunum 2017-2022.




Mynd 2. Fjöldi skjólstæðinga á árunum 2017-2022.



Fjöldi nýrra skjólstæðinga (2017-2022)

Alls komu 112 nýir skjólstæðingar til Aflsins árið 2022 sem er aukning frá fyrri árum en það hafa ekki verið fleiri nýir skjólstæðingar síðan 2018.


Mynd 3. Fjöldi nýrra skjólstæðinga á árunum 2017-2022.



Fjöldi sem sótti hópastarf (2017-2022)

Fjöldi einstaklinga sem sótti hópastarf hefur aldrei verið jafn lágþar eingöngu var hægt að hafa einn hóp. Engu að síður var ákveðið í lok árs 2022 að Aflið myndi einblína á þróun tveggja verkefna á næsta ári og er eitt þeirra hópastarfið. Árið 2023 vonast Aflið til þess að geta haldið að minnsta kosti fjóra hópa á Akureyri.

Mynd 4. Fjöldi skjólstæðinga sem sótti hópastarf á árunum 2017-2022.



Lýðupplýsingar um skjólstæðinga

Kyn

Líkt og önnur ár eru skjólstæðingar Aflsins flest konur.

Tafla 1. Kyn nýrra skjólstæðinga

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
Kynsegin	1	1%
Kvenkyns	85	87%
Karlkyns	11	11%
Óþekkt	1	1%

Menntun

Flestir einstaklingar sem leituðu til Aflsins hafa lokið einhverju námi á framhaldsskólastigi eða grunnskólastigi. Hér er vert að taka fram að stærsti aldurshópur Aflsins er 18-29 ára og þar var meðalaldurinn 22 ár svo líklegt er að stór hópur skjólstæðinga sé í framhaldsskóla.

Tafla 3. Menntun nýrra skjólstæðinga

Menntun	Fjöldi
Grunnskólanám eða minna	22
Framhaldsskóli (ólokið)	24
Stúdentspróf	21
Iðnnám eða önnur starfsréttindi	16
Háskólapróf	19
Annað	2

Aldur

Meðalaldur nýrra skjólstæðinga Aflsins árið 2022 var 35.9 ára. Á töflu 1 er meðalaldur aldursbila birtur nema þar sem færri en 5 einstaklingar eru í bili vegna persónuverndar sjónarmiða.

Tafla 2. Aldursdreifing nýrra skjólstæðinga

Aldursbil	Fjöldi	Meðalaldur í bili	Hlutfall
17 ára og yngri	1		1%
18-29 ára	37	22.4	38%
30-39 ára	18	34.1	18%
40-49 ára	18	45.4	18%
50-59 ára	12	53.2	12%
60-69 ára	5	63.2	5%
70 ára og eldri	1		1%
Óþekkt	6		6%


Skerðing

13% einstaklinga sem leituðu til Aflsins árið 2022 býr við skerðingu. Af þeim sögðust 38.5% einstaklinga búa við andlega skerðingu. Einn einstaklingur sagðist ekki vera viss hvort hann væri með skerðingu eða ekki.

Staða á vinnumarkaði

Flestir skjólstæðingar Aflsins árið 2022 voru í fullu starfi eða 34%. Merkt var við stöðu á vinnumarkaði alls 108 sinnum á fyrsta viðtals blaðinu svo einhverjir einstaklingar merktu við fleiri en einn valmöguleika við þeirri spurningu.

Árið 2021 voru 30% skjólstæðinga í fullu starfi og var það aukning frá árinu áður. Hins vegar hefur skjólstæðingum Aflsins sem eru öryrkjar fjölgað og eru nú rúmlega 26% af skjólstæðingum en árið 2021 voru þeir 19%. Svo meiri fjölgun hefur orðið í hóp öryrkja en þeirra sem eru í fullu starfi.



Mynd 5. Staða nýrra skjólstæðinga á vinnumarkaði.

Tekjur

Tafla 4. Tekjudreifing nýrra skjólstæðinga.

Tekjubil	Fjöldi
Minna en 300.000kr	35
300.000-599.000kr	47
600.000-899.000kr	5
900.000kr eða meira	7


94 einstaklingar svöruðu lið um sínar tekjur. Af þeim 45 svöruðu 26 einnig lið um tekjur heimilis sem var á fyrri útgáfu spurningarlistans og 49 svöruðu samkvæmt seinni spurningarlista þar sem spurt er um annað hvort tekjur skjólstæðings eða heimilis. Hér eru báðir liðir birtir saman í töflu og heimilistekjur hafa verið fjarlægðar úr fyrri útgáfu en það var ekki hægt að gera það við seinni útgáfu þar sem spurt var um bæði einstaklings- og heimilistekjur í sömu spurningu.

Flestir skjólstæðingar Aflsins voru með 300.000 til 599.000kr á mánuði fyrir skatt eða 49.5% og svo með 300.000 eða minna á mánuði eða 36.8%.

Staðsetning

97 skjólstæðingar tilgreindu staðsetningu sína á fyrstu viðtalsblöðum og einn skjólstæðingur tilgreindi tvær staðsetningar. Flestir voru frá Akureyri eða 59.8%.

Þrátt fyrir að flestir skjólstæðingar séu staðsettir á Akureyri þá er einnig mikilvægt að benda á dreifingu skjólstæðinganna. Skjólstæðingar hafa sótt þjónustu til Afslins frá Norðurlandi eystra og vestra, Austurlandi og Suðvesturlandi. Tvö sveitarfélög voru fjarlægð vegna persónuverndar sjónarmiða.




Mynd 6. Staðsetning nýrra skjólstæðinga eftir sveitarfélögum.

Ofbeldið

Ástæður fyrir komu

Liður á fyrstu viðtalsblöðunum sem fjallar um ástæður fyrir komu er fjölvalsspurning, svo einstaklingar geta svarað þeim lið oftari en einu sinni. Allir sem skiluðu fyrsta viðtalsblaði svöruðum þessum lið og var minnst svarað með einni ástæðu vegna komu en mest með 15 ástæðum. Meðal fjöldi ástæðna var 3,7. 13 einstaklingar leituðu til Afslins sem aðstandendur en hluti þeirra leitaði einnig vegna stöðu sinnar sem þolendur.



Mynd 7. Ástæður fyrir komu nýrra skjólstæðinga.

Samanburður


Líkt og fram hefur komið þá voru flestir einstaklingar sem sóttu þjónustu Aflsins konur. Hér á töflu 5 sést dreifing á ástæðum fyrir komu kvenna og karla í Aflið. Algengasta ástæða komu þessara kynja er andlegt ofbeldi. Ástæður kvenna eru dreifðari og er herra hlutfall kvenna sem tilgreina hverja ástæðu en konur tilgreindu að meðaltali 3.7 ástæður fyrir komu en karlar tilgreindu að meðaltali 2.1 ástæður. Eina ástæðan þar sem hlutfall karla er herra en kvenna er einelti, en 18% karla sögðu einelti vera ástæða fyrir komu sinni og 15% kvenna.

Tafla 5. Samanburður á ástæðum kvenna og karla fyrir komu.

Ástæða komu	Konur		Karlar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Aðstandandi	13	15%		
Andlegt ofbeldi	66	78%	8	73%
Einelti	13	15%	2	18%
Fjárhagslegt ofbeldi	15	18%		
Gaslýsing	20	23%	1	9%
Heimilisofbeldi	32	38%	3	27%
Kynferðisleg áreitni	29	34%	2	18%
Kynferðisleg misnotkun	43	51%	4	36%
Líkamlegt ofbeldi	20	23%	1	9%
Mansal	1	1%		
Nauðgun	25	29%	1	9%
Nauðgunartilraun	8	20%		
Ofsóknir	17	9%		
Sífjaspell	6	7%		
Stafrænt ofbeldi	12	14%	1	9%
Vanræksla	11	13%	1	9%

Afleiðingar

49 einstaklingar tilgreindu hverskonar afleiðingar þeir væru að upplifa eftir ofbeldið. 87.6% einstaklinga höfðu upplifað kvíða, 75.5% sorg og 74% einstaklinga upplifðu ótta/hræðslu og skömm. Alls var merkt við 517 afleiðingar á þessum 49 blöðum, minnst var merkt við 0 afleiðingar og mest við 21 afleiðingar en hægt var að merkja við 24 atriði. Að meðaltali merktu skjólstæðingar við 10.5 afleiðingar. Konur tilgreindu að meðaltali 10.9 afleiðingar en karlar tilgreindu 9.6 afleiðingar.



Mynd 8. Afleiðingar ofbeldis sem nýir skjólstæðingar tilgreindu

Samanburður á afleiðingum

Algengasta afleiðing sem konur upplifa er kvíði eða 90% kvenna á móti 33% karla en algengustu afleiðingar sem karlar upplifa er lágt sjálfsmat, reiði, almennir samskiptaerfiðleikar og svefntruflanir en 83% karla hafa upplifað þessar afleiðingar. Engu að síður er mikilvægt að taka fram að eins og sést á töflu 6 þá upplifðu konur og karlar allar afleiðingarnar sem voru listaðar að einhverju leiti.


Tafla 6. Samanburður á afleiðingum sem konur og karlar tilgreindu.

	Konur		Karlar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Annað	1	2%		
Breytt kynlífshegðun	8	19%	1	17%
Einangrun	21	50%	1	17%
Einbeitingar skortur	29	69%	3	50%
Endurupplifun	25	59%	2	33%
Erfiðleikar í kynlífi	13	31%	3	50%
Hegðunarvandamál	6	14%	1	17%
Kvíði	38	90%	3	33%
Lágt sjálfsmat	30	71%	5	83%
Líkamlegir verkir	12	29%	3	50%
Ótti	31	74%	1	17%
Reiði	28	67%	5	83%
Samskiptaerfiðleikar almennt	13	31%	5	83%
Samskiptaerfiðleikar við nær fjölskyldu	21	50%	3	50%
Sektarkennd	30	71%	2	33%
Sjálfskaði	5	12%	1	17%
Sjálfsvígshugsanir	10	24%	2	33%
Skömm	32	76%	3	50%
Sorg	31	74%	4	67%
Svefntruflanir	28	67%	5	83%
Þunglyndi	22	52%	1	17%
Tilfinningadofi	23	55%	4	67%

Áhrif afleiðinga á lífsgæði

Í nýju útgáfu spurningarlistans var spurt út í áhrif afleiðinga ofbeldisins á ákveðin lífsgæði. Flestir tala um að afleiðingar hafi haft áhrif á áfengisneyslu þeirra og matarhegðun. Eins og sést á samanburðartöflunni fyrir neðan þá eru það frekar konur sem eru að finna fyrir áhrifum á matarhegðun sína en karlar að finna fyrir áhrifum þess á áfengisneyslu sína. Konur eru einnig að upplifa áhrif á áfengisneyslu en ekki af sama meiði og karlar og það sama er hægt að segja um matarhegðun, karlar finna fyrir áhrifum en ekki af sama meiði og konur.

Mynd 9. Samantekt á þeim áhrifum sem ofbeldið hefur haft á ákveðin lífsgæði.



Tafla 7. Samanburður á áhrifum á lífsgæði sem konur og karlar tilgreindu.

	Konur		Karlar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áfengi	14	32%	3	50%
Matur (matarfíkn)	16	36%	1	17%
Vinna	9	20%		
Fíkniefni	2	4%	1	17%
Lyf	2	4%		
Íþróttir	4	9%		
Kynlíf	9	20%	1	17%
Ekkert af þessu	7	16%	1	17%
Ekki viss	3	7%	1	17%
Annað	1	2%		
Autt	8	18%	1	17%

Fjármögnun

Aflið hefur á undanförunum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það sérstaklega við um stjórn Aflsins en einnig ráðgjafa og aðra velunnara. Þessi framlög í vinnu eru mikilvægur hluti rekstursins ekki síður en fjárframlög hinna fjölmörgu einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga og fyrirtækja.

Styrkir

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, gerði samning við Aflið til þriggja ára í þeim tilgangi að styðja við og efla starfsemi félagsins gagnvart þolendum ofbeldis. Aflið fær 18 milljónir króna á ári, eða samtals 54 milljónir á samningstímanum.

Árið 2022 fékk Aflið styrki frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum og námu styrkir frá þessum aðilum rúmar 4.415.620 kr. á árinu 2022. Aflið þakkar þeim kærlega fyrir stuðninginn. Stuðningur af þessu tagi er gífurlega mikilvægur þar sem samtökin eru eingöngu rekin á styrkjum. Styrktaraðilar voru meðal annarra VIRK, Soroptimistaklúbbur Akureyrar, Oddfellow, Reykjavíkurmaraþons hlauparar, skólafélagið Huginn og kvenfélag Fnjóskdæla.

Aflið hefur nú verið á styrk frá ríki en hann hefur dugað fyrir grunnstarfsemi samtakanna eða launum ráðgjafa, faglegri ábyrgðarkonu og verkefnastýru. Þegar litið er til þess að Aflið hefur hafið starfsemi fyrir utan Akureyri og opnað fleiri starfsstöðvar þá eru aukin fjárframlög nauðsynleg. Núna er Aflið starfrækt á Húsavík og Egilstöðum en fleiri staðir munu bætast við hópinn árið 2023. Það er mat Aflsins að einstaklingar eigi rétt á þjónustu líkt og Aflið bíður upp á á öllu landinu og eigi ekki að þurfa að ferðast langar og erfiðar leiðir til þess að sækja slíka þjónustu.

Aflið hefur undarfarin ár verið með þjónustusamning við Akureyrarbæ og hefur átt góða samvinnu við bæjaryfirvöld. Samningurinn felur í sér viðveru og sýnileika á fjölmennustu

helgum bæjarins, þar sem fulltrúar Afslsins ganga um miðbæ og tjaldsvæði í merktum vestum, hengja upp plaköt með upplýsingum um Aflið á fjölförnum stöðum og eru sýnilegir á viðburðum.

Aflið gerði styrktarsamningurinn við Enor árið 2016 en hann felur í sér að ENOR tekur að sér gerð ársreiknings fyrir Aflið og sér um yfirferð á ársreikningi og fjárreiðum samtakanna. Árið 2022 er sjötta árið sem ársreikningur er unninn af ENOR og með aðstoð þeirra hefur allt utanumhald með reikningum og bókhaldi tekið stakkaskiptum. Aflið þakkar ENOR fyrir þeirra framlag og vonandi verður framhald á þessu samstarfi.

Útgjöld

Árið 2022 voru veittir 663 viðtalstímar við 163 skjólstæðinga. Heildarkostnaður vegna viðtala er því 4.641.000 kr. Auk þess var einn hópur starfræktur á árinu en kostnaður við hóp eru 300.000 kr. Beinn heildarkostnaður vegna þjónustu er því 4.941.000kr. á árinu 2022. Kostnaður vegna faglegrar ábyrgðarkonu og handleiðara nam 799.308 kr. og kostnaður vegna ráðgjafafunda nam 1.560.000kr. Samanlagður kostnaður grunnþjónustu var því 7.215.308 kr.

Ársreikningur

ENOR ehf. hefur tekið saman ársreikning fyrir Aflið fyrir árið 2022. Meðfylgjandi er ársreikningur eins og hann var lagður fram fyrir aðalfund. Rekstrartekjur samtakanna á árinu 2022 námu kr. 28,1 millj. en þær voru kr. 22,4 millj. á árinu 2021. Afgangur varð af rekstri ársins var 1.8 milljón kr. í samanburði við 1.7 milljón kr. í afgang á árinu 2021. Heildareignir námu í árslok 15.096.400 kr. og eigið fé var 14.899.308 kr.

Rekstrartekjur árið 2022 voru 28.059.873 kr. samanbórið við 22.358.715 kr. fyrir árið 2021. Rekstrargjöld voru meiri á síðasta ári en árinu áður eða 26.389.174 kr. fyrir árið 2022 samanbórið við rúmlega 20.640.594 kr. árið 2021. Vert er að taka fram að inn í önnur rekstrargjöld er reiknuð húsaleiga fyrir Aðalstræti 14 sem er engu að síður einnig styrkur frá Akureyrarbæ.

Aflið

Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar og sundurliðanir	7 - 8

Skýrsla stjórnar

Aflið var stofnað á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunaverkefni Stígamóta og Jafnréttisstofu. Aflið veitir öllum þolendum ofbeldis ráðgjöf á jafningjagrundvelli þeim að kostnaðarlausu þar sem markmiðið er að gera þolendur meðvitaða um eigin styrkleika og aðstoða þá við að nýta þá til að bæta eigið líf.

Rekstrartekjur samtakanna á árinu 2022 námu kr. 28,1 millj. en þær voru kr. 22,4 millj. á árinu 2021. Afgangur varð af rekstri ársins að fjárhæð kr. 1,8 millj. í samanburði við kr. 1,7 millj. í afgang á árinu 2021. Heildareignir námu í árslok kr. 15,1 millj. og eigið fé var um kr. 14,9 millj.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að grunnstarfsemi samtakanna verði með svipuðu móti á árinu 2023 og hún var á árinu 2022.

Ráðstöfun rekstrarniðurstöðu

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar samtakanna að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun samtakanna, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Aflsins staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Akureyri, 16. apríl 2023

Stjórn:

Áritun Enor

Til stjórnar og félagsmanna Aflsins

Við höfum veitt Aflinu faglega aðstoð við gerð ársreiknings fyrir árið 2022, byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur samtakanna hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings. Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða samtökin að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum við vinnu okkar fylgt þeim siðareglum sem um hana gilda. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum stjórnenda Aflsins. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur samtakanna ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi látum við hvorki fram álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 16. apríl 2023

Enor ehf.

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	3		
Framlög og styrkir		28.059.873	22.358.715
Rekstrargjöld	4		
Laun og verktakagreiðslur		19.311.264	14.922.204
Annar rekstrarkostnaður		7.077.910	5.718.390
		<u>26.389.174</u>	<u>20.640.594</u>
Rekstrarafkoma (-tap)		1.725.699	1.718.121
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		104.867	10.095
Rekstrarniðurstaða ársins		<u>1.830.566</u>	<u>1.728.216</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12 2022	31.12 2021
Veltufjármunir			
Handbært fé		15.096.400	13.278.650
Eignir samtals		<u>15.096.400</u>	<u>13.278.650</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	5	14.899.308	13.068.742
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Ýmsar skammtímaskuldir		197.092	209.908
Skuldir samtals		197.092	209.908
Eigið fé og skuldir samtals		<u>15.096.400</u>	<u>13.278.650</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Almennar upplýsingar

Aflið er félagasamtök sem voru stofnuð á Akureyri árið 2002. Starfsemin byggir á forsendum þolenda kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af framlögum og styrkjum til rekstrar samtakanna. Styrkir og framlög eru færðir eftir því sem þeir eru greiddir til samtakanna eða í samræmi við ákvæði gildandi styrktarsamninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samtökin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar og sundurliðanir

3. Rekstrartekjur

	2022	2021
Framlög og styrkir		
Framlög frá ríki	18.000.000	18.003.002
Framlög frá sveitarfélögum	5.644.253	4.104.007
Ýmis önnur framlög og styrkir	4.415.620	251.706
	<u>28.059.873</u>	<u>22.358.715</u>

4. Rekstrargjöld

	2022	2021
Laun og verktakagreiðslur		
Laun og launatengd gjöld	12.241.893	9.323.587
Verktakagreiðslur	7.069.371	5.598.617
	<u>19.311.264</u>	<u>14.922.204</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	3.769.253	3.504.007
Rekstrarkostnaður húsnæðis	152.198	116.511
Símakostnaður	214.143	233.518
Tölvukostnaður og vefsíða	169.660	28.277
Pappír, prentun og ritföng	113.483	52.860
Gjaldfærð tæki og áhöld	380.815	13.560
Auglýsingar og kynningarmál	194.079	551.064
Ferða og fundakostnaður	795.058	296.962
Námskeið	150.000	14.900
Handleiðsla	386.240	180.000
Önnur aðkeypt þjónusta	84.000	82.412
Starfsmannatengdur kostnaður	466.550	303.480
Kaffistofa	138.789	53.139
Tryggingar	13.001	12.247
Þjónustugjöld og bankakostnaður	2.880	1.560
Ýmis annar kostnaður	47.761	273.893
	<u>7.077.910</u>	<u>5.718.390</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin fé	Eiginfjár- reikningur
Staða í ársbyrjun	13.068.742
Hagnaður (tap) ársins	<u>1.830.566</u>
Staða í árslok	14.899.308